

## GJALDSKRÁ

### Hitaveitu Dalvíkur.

#### 1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir frá og með 1. janúar 2014 fyrir orkuveitusvæði Hitaveitu Dalvíkur. Öll verð í gjaldskrá þessari eru án virðisaukaskattks.

#### 2. gr.

Gjöld fyrir afnot af hitaveituvatninu eru sem hér segir:

a) Orkugjald skv. vatnsmæli, Dalvík	kr. 87,09 pr. m <sup>3</sup>
b) Orkugjald skv. vatnsmæli, Árskógsströnd	kr. 121,56 pr. m <sup>3</sup>
c) Orkugjald skv. vatnsmæli, sundlaugar	kr. 34,81 pr. m <sup>3</sup>
d) Mælagjald	kr. 30,93 pr. dag
e) Lokunargjald	kr. 5.934

Þeim viðskiptavinum Hitaveitu Dalvíkur sem nota meira en 25.000 m<sup>3</sup> af vatni á ári er veittur 30% afsláttur frá gjaldskrá af því magni sem er umfram 25.000 m<sup>3</sup> á hvern mæli á Dalvík. Vegna hærra hitastigs á heita vatninu á Árskógsströnd er sambærilegt magn þar 17.000 m<sup>3</sup>.

#### 3. gr.

Heimæðagjald Hitaveitu Dalvíkur skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Fyrir hús allt að 400 m <sup>3</sup> að utanmáli og heimæð allt að 50 m og á m <sup>3</sup> þar yfir	kr. 300.748
og á m fram yfir 50 m	kr. 378

Rúmmál húsa miðast við stærðir samkvæmt reglum Fasteignamats ríkisins. Heimæðagjöld skal reikna af öllu húsrými á viðkomandi lóð, hvort sem það verður tengt hitaveitunni eða ekki.

Heimæðagjald hitaveitu fyrir úтиhús tengd landbúnaði skal vera með eftirfarandi hætti:

- Mjólkurhús/fjós greiðir lámarksgjald kr. 300.748
- Fyrir hesthús að 700 m<sup>3</sup> skal greiða lámarksgjald. Aðilum er heimilt að sameinast um inn-tak.

Ef um er að ræða lagnir í dreifða byggð eða samkvæmt sérsamningi er vísað til 19. gr. reglugerðar fyrir Hitaveitu Dalvíkur. Gjald þetta skal þó aldrei vera lægra en nemur lágmarksheimæðagjaldi hitaveitunnar.

#### 4. gr.

Heimæðagjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar í september 2012, 114,8 stig. Hitaveitunni er heimilt að breyta heimæðagjöldum þessum í samræmi við breytingu á nefndri vísitölu.

#### 5. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld skv. gjaldskrá þessari. Fyrirætlun um að loka, ber að tilkynna með 10 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá sem vanskilunum veldur, hverju sinni kr. 5.934.

#### 6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar, er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967 til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til efturbreytni

Nr. 1235

16. desember 2013

öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá fyrir Hitaveitu Dalvíkur nr. 1143, 7. desember 2012.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 16. desember 2013.*

F. h. iðnaðar- og viðskiptaráðherra,

**Kristján Skarphéðinsson.**

*Hreinn Hrafnkelsson.*

B-deild – Útgáfud.: 6. janúar 2014